

## LISTIR

## Ljóðasleppingar

## BÆKUR

Ljóð

BÓK Í MANNHAFIÐ  
láttu hana gangaLjóð 13 skálda.  
Nýkur. 2000 - 77 bls.

Það er hreint ekki svo fráleit hugmynd að varpa ljóðabók út í mannhafið í þeirri von að hún berist frá manni til manns. Út á því reginhafi heldur tilviljunin um stjórnmálavinnu og það er aldrei að vita að hvaða ströndu bókin berst. Þetta gerir skáldahöfundur með fulltíngi Bónusverslanakeðjunnar og nefnir Bók í mannhafið.

Það er að mörgu leyti létt yfir þessari bók, skáldskapurinn sumpart fullur af krafti og leikgleði. Sumt í honum kallast á við þau skáld sem nefndu sig listaskáldin vondu og þóttu fyndin og félagsleg enda þótt félagslega rýnin í þessari bók sé takmarkaðri. Athyglinni sé fremur beint að einstaklingnum í samfélaginu. Viðfangsefni og kvæðskaparmátinn eru þó keimlík.

Þrettán höfundar eiga ljóð í bók þessari, sumir nokkuð þekktir og aðrir eiga vafalaust eftir að setja mark sitt á ljóðaheiminn. Athygli vekur hversu ófeminnir þeir eru við að spreyta sig á ýmsum ljóðformum. Þannig er að finna tilraunir við sonnettur. Þannig er með Sonnettuna af C. J. fögru eftir Sigtrygg Magnason. En C. J. þessi mun vera strandvarðagella túlkun af Pamelu Anderson. Gerður Kristný fer í fótspor 19. aldar skálda þegar hún yrkir um Hallgerði langbrók og Bergþóru úr Njálssögu. Niðurstaðan um Hallgerði er að líf hennar hafi verið „líkt og slittinn / lokkur í gömlum boga“. Neyslusamfélagið er höfundunum hugleikið og öll velferðin og ofgnóttin sem kannski hvílir á fremur veikum grunni. Athyglisvert finnst mér hvernig Sigurbjörg Prastardóttir nálgast þetta umhverfi.

Ég er inni í ávexti og mér finnst hann fádæma safaríkur þarf að strjúka drop-

ana af vörnum öðru hverju þykir betra að sleikja út um til að missa ekki af neinu ét mig áfram hring eftir annan og alltaf er kjótið eins og blóðugt og þetta aldin er heimurinn eins og ég vil hafa hann en innan tíðar hlýtt ég að fyrirhitta kjarnahúsið og tekur hýðið þá hægt og sigandi að skreppa saman.

Tækniheimurinn kann að virka þrjúgandi stundum finnst Bergsveini Birgissyni í kvæðinu Stundum og segir „Stundum / langar mig hreinlega / til að losa um bindið / og slökkva á tölvunni...“ Það er að sönnu ekki tilþrífamikil uppreisn gegn tæknisamfélaginu en svipaðan tæknihrylling er að finna í ljóðum Sindra Freyssonar: „Síminn spilaði uppþafsstef eftir Bach / - hrollkalt, ískalt, helkalt -“. Kvæði hans eru úr bók sem hann nefnir Harði kjarninn sem vísar vafalaust til þeirrar vélrænu tónlistarstefnu samtímans sem kallast hardcore en vísar einnig til hörku nútímans. Þessi heimur er líka heimur lífsflóttu og myrkurs. Það má glögglega sjá í ljóðum Margrétar Lóu Jónsdóttur en tvö þeirra fjalla um sjálfsvíg, eða í hinum sundurlausu kvæðum Steinars Braga sem raunar leita eftir birtunni í ástinni en fjarlægjast hana jafnóðum: „...því fleiri sérstakar vinnur sem bjóðast með innblásnum lýsingarorðum eða laumulegu hvíli á horni kókaínheróínecstasy því fleiri lengdargráður því fleiri baugar í andlitum fólksins í kringum mig því fleiri hnit hef ég fundið til að staðfesta þig sem miðpunktinn ástin mín kjaftæði ég hata þig.“

Bók í mannhafið er kærkominn litadropi í hversdagsgrámann. Ef ég man rétt gefa litlir litadropar furðumikinn lit sé þeim blandað í málningu. Ég hygg að þessi bók sé slíkur dropi. Kvæðskapurinn er raunar dálítið misjafn og misáhrifamikill en sumt er í bókinni býsna vel gert og umfram allt er bókinn vitni þess að enginn doði ríki í ljóðaheiminum. Nú er bara að vita hvar eintakið sem ég hefi á milli handanna lendir.

Skafti P. Halldórsson

## Vegleg útværspáttahátíð verður haldin í Háskólabíói 2.-5. febrúar á vegum menningarborgar og RÚV.

„ÞETTA er sjálfstæð hátíð sem Reykjavík menningarborg ásamt Ríkisútværpinu stendur sameiginlega að,“ segir Jón Hallur Stefánsson, útværpsmaður einn skipuleggjendanna. Ásamt honum hafa Jón Karl Helgason og Þorsteinn J. Vilhjálmsson unnið að undirbúningi.

„Dagskráin fer öll fram í Háskólabíói og þar verða leiknir útværspættir og höfundar þeirra ræða um vinnu sína og möguleika útværpsins til ýmiss konar þáttagerðar. Til þæginda fyrir þátttakendur verður textum varpað á tjald. Við höfum fengið góða gesti erlendis frá og þar er helst að nefna Gyrid Listuen, Piers Plowright og Barbro Holmberg sem eru meðal fremstu þáttagerðarmanna útværps í veröldinni í dag og hafa þau öll hlotið ýmiss konar viðurkenningar á ferli sínum. Ég vil einnig benda sérstaklega á málstofu sem við efnum til í samvinnu við Endurmenntunarstofnun HÍ undir stjórn þeirra Piers Plowrights og Barbro Holmberg. Þau munu kynna gerð heimilda- og fléttuþátta með hljóðdæmum. Þátttökugjald er ekkert og aðeins þarf að skrá sig. Þetta er tækifæri sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara.

Á mánudeginum 31. janúar verður tekið forskot á sæluna með útsendingu á Rás 1 kl. 23.00 á Harri Huhtamahki, Amazon sem er frumskóghljóðverk úr smíðju finnskra galdramanna.

Dagskrá hátíðarinnar er að öðru leyti sem hér segir.

## Þriðjudagur

## HÁSKÓLABÍÓ:

19:00 Setning.

20:00 Brot úr íslenskum þætti Stefáns Jónssonar.

## Útværp á nýrri öld

Einn af sérstökum gestum hátíðarinnar, norska þáttagerðarkonan Gyrid Listuen, kynnr þátt sinn En surrebuk pa stjernehimlen. Þessi spennandi og fjörugi þáttur segir frá lífi Sten Erik Holstad, sem er með Downseinkenni. Norðmenn hafa náð sérlega góðum tökum á gerð heimilda og fléttuþátta á undanföllum árum, þeir hafa rakad til sín verðlaunum og fyrir þennan þátt fékk Gyrid Listuen Prix Europa verðlaunin árið 1997.

Jocelyn Pook, Between the ears. Jocelyn Pook samdi meðal annars tónlistina fyrir kvikmynd Kubricks Eyes Wide Shut. Hér er hún með verk á mörkum tónlistar og fléttuþátta þar sem hún notar upptökur úr símsvaranum sínum.

RÁS 1: Helen, Ardelius, Normaltorgsdramat. Í þessum sænska þætti er rífuð upp söguleg gíslataka og bankarástíraun í Stokkhólmi árið 1973. Nokkrar af persónum þeirrar sögu líta til baka, en þátturinn hefst á kostulegu símtali eins gíslanna og Olof Palme, þáverandi forsætisráðherra Svíþjóðar.

## Miðvikudagur

## HÁSKÓLABÍÓ

16:00 Endurteknir þættir frá þriðjudagskvöldi

20:00 Lisbeth Jessen, Hvorfor ringede hun ikke? Þessi danski þáttur hlaut fyrstu verðlaun í Prix Italia samkeppninni árið 1996. Við heyrum af sífjaspellum og misnotkun, en sagan fær óvæntan endi.

Sérstakur gestur hátíðarinnar, hin finnsk-sænska Barbro Holmberg kynnr margverðlaunaðan þátt sinn Gettóid í Feneyjum.

## RÁS 1:

Kaye Montley, How far is it to Babylon...? Ljóðrænn og hljóðrænn þáttur um hringekjur.

## Fimmtudagur

## HÁSKÓLABÍÓ

16:00 Endurteknir þættir frá miðvikudagskvöldi

20:00 Richard Dinker, Det er bara i perfil som jag er kroat. Nýlegur sænskur þáttur eftir ungan mann sem fjallar um þjóðerni og

„identitet“. Gott dæmi um persónulegan heimildabátt, þar sem útværpið er notað til að grafast fyrir um sínar eigin rætur.

Einn af gestum hátíðarinnar, Bretinn Piers Plowright, kynnr nýlegan heimildabátt sinn um bandarískan blúsleikara, auk brota úr eldri þáttum sínum.

## RÁS 1:

Gyrid Listuen: Selfportrett með mikrofon. Annar þáttur eftir norska gestinn okkar. Við fylgjumst með leit hennar að hinum eina rétta.

## Föstudagur

## HÁSKÓLABÍÓ

16:00 Endurfluttir þættir 20:00 Tvíhöfði gefur dæmi um íslenska leið til að búa til öðruvísi útværp.

Gyrid Listuen, Trádlös og tilgjengelig, stuttur þáttur til höfuðfarsímum.

Cristoph Schlingensiefel, Camp sans frontiers. Þýskur þáttur eða útværpsleikrit eftir einn óþekkasta strákinn í þýskum bókmenntum. Við fylgjumst með yfirgengilegri útværpsöfnun fyrir stríðshrjáða á Balkanskaganum. Raunveruleikinn og afskræming fjölmiðlanna er efniviðurinn í þessari kröftugu og grimmu sátrú sem gengur út yfir öll mörk velsæmis, en lendir þar á kunnuglegum slóðum.

## Laugardagur

14:00 Kari Hesthamar, Till komunen skil dykk at. Verðlaunaþátturinn frá Prix Europa 1999 kom frá Noregi. Hann fjallar um hjón sem hafa verið gift í 65 ár þegar samfélagið ákveður að skilja þau að og baráttu konunnar til að leiðrétta þá ákvörðun.

Afhent verðlaun í útværpsþáttasamkeppni Útværps 2000.

16.15 Hátíðinni lýkur svo með pallborðsumræðum í Lögbergi um útværp á nýrri öld. Stefán Jón Hafstein, Eiríkur Hjálmarsson, Þorgerður Gunnarsdóttir sitja á palli og Ævar Kjartansson stýrir umræðum sem sendar verða út beint á Rás 1.

## Veg(g)ir á Kjarvalsstöðum

## Lok og upphaf

VERKI Hlyn Hallssonar lýkur fimmtudaginn 3. febrúar kl. 18 í miðrymi Kjarvalsstaða. Verkið ber yfirskriftina „Dagbók“ og hefur listamaðurinn ritað dagbók á 24 metra langan vegg sl. þrjár vikur. Hlynur er fyrstur í röð sex listamanna sem taka þátt í sýningarverkefninu „Veg(g)ir“.

Framkvæmd verkefnisins byggir á tveimur meginþáttum; annars vegar að veita listafólki tækifæri til að vinna úr hugmyndum sínum á eða út frá stórum fleti og hins vegar að leyfa gestum safnsins að fylgjast með þróun hvers listaverks frá upphafi til enda.

Framkvæmdin vísar með sterkum hætti til hverfulleika lífs og listar. Að loknu sérhverju sýningartímabili verður framlag hvers listamannsins fjarlæggt eða hulið á bak við nýtt lag af málningu, sem um leið verður undirlag þess sem næst kemur á veginn, þannig á sér stað viss tæming um leið og ákveðin hringrás er leidd áfram.

Á fimmtudaginn mun Hlynur Hallsson kynna dagbókarverk sitt og hugleiðingar um það. Við sama tækifæri mun Daði Guðbjörnsson kynna hugmyndir sínar og áætlanir en hann er næsti listamaður sem vinnur á vegg miðrymis Kjarvalsstaða.

## Yfirlýsing Daða

„Bæði vegir og veggir hafa komið fyrir á myndum sem ég hef málað síðustu tvo áratugin og því finnst mér spennandi að fá tækifæri til að vinna að verki í stóru formi sem tengir þessi tvö myndefni saman með jafn markvissum hætti og hér á sér stað,“ segir Daði Guðbjörnsson í yfirlýsingu sinni.

„Listin er að mínu áliti úrvinnsla hugsunarinnar og því verður það aldrei neitt einfalt sem kemur út úr þeirri vinnslu sem hin endanlega afurð, listaverkið sjálf.“

Listin er mannum einnig mikilvægt hjálparkæmi við misvel heppnaðar tilraunir hans til að skilja hluti og fyr-



Morgunblaðið/Sverrir

Daði Guðbjörnsson við veg(g)inn góða á Kjarvalsstöðum.

irbrigði á þeim vettvangi sem stundum er kallaður „Raunveruleiki“.

Ég hef ákveðið að við vinnslu þessa verkefnis komi fram viss aðferðafræði sem ég nota almennt við mína listsköpun. Hún felst í því að fyrst eru málaðir ákveðnir hlutar verksins á nokkuð raunsæislegan hátt, líkt og hugmynd sem kemur listinni sjálfri ekkert við; hin viddin í verkinu verður síðan „hin listræna sýn“, sem verður máluð á þann hluta veggjarins sem eftir verður þegar búið er að leiða heildina saman eftir veginum annars vegar og veggnum hins vegar.“

## Electrolux á heima í Húsasmíðjunni



## Electrolux

- Þvottavél
- 850 snúninga
- 4,5 kg.
- Sérstakur ullarþvottur
- Fjölpætt hitastilling
- Einföld og sterk

Kr.44.995-  
64.990HÚSASMÍÐJAN  
Sími 525 3000 • www.husa.is

NÝTT NÝTT NÝTT var að koma til landsins frá Mexikó

